

Starfsgreinaráð	Menntamálastofnun
Starfsheiti	Leikskólaliði
Dagsetning	1. júní 2021
Útgáfunúmer	1.0

Starfalýsing:

Leikskólaliðar sjá um uppeldi, kennslu og umönnun barna á leikskólaaldri í samstarfi við aðra starfsmenn leikskólans á grundvelli aðalnámsskrár og skólanámsskrár leikskóla. Þeir aðstoða börn við daglegar athafnir og taka þátt í starfi leikskólans.

Leikskólaliðar vinna við útfærslu fjölbreyttra verkefna við breytilegar aðstæður. Leikskólaliðar leiða verkefnavinnu með börnum í samræmi við faglega stefnu skólans. Hlutverk þeirra er að örva þroska og auka skilning og sjálfstæði barna. Leikskólaliðar leiðbeina börnum um umhverfi sitt, náttúruna, rými, stærðir, hugtök og íslenska tungu. Leikskólaliðar leiða verkefni sem örva skynjun barna og hjálpa þeim að uppgötva hluti og þjálfá eigin hæfileika, bæði líkamlega og vitsmunalega. Leikskólaliðar þjálfu börn í að gefa og þiggja, að skilja hæfileika og langanir sínar og annarra.

Hæfnikröfur

Útfærir faglegt starf og sinnir fjölbreyttum verkefnum með börnum í samráði við leikskólakennara.

Gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrirmynd, les í aðstæður og bregst við með viðeigandi hætti hverju sinni.

Þjálfar börn í að lesa umhverfi sitt og vinna með öðrum, tjá sig og hlusta á aðra og hafa þannig áhrif á velferð og vellíðan barna í daglegu starfi.

Beitir mismunandi aðferðum við að leiðbeina börnum í samræmi við aðalnámsskrá miðað við aldur og þroskastig.

Greinir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval í samræmi við stefnu leikskóla á hverjum stað.

Sýnir umhyggju og getur átt fagleg og uppbyggileg samskipti við börn og samstarfsfólk.

Á farsæl samskipti við einstaklinga með ólíkar þarfir og getur tekist á við erfið samskipti í starfi.

Sýnir frumkvæði til að leiða hópastarf barna, bæði inni og úti.

Vinnur sjálfstætt, sýnir frumkvæði og forgangsraðar verkefnum eftir því sem við á.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun og tileinkar sér nýjungar í starfi og hagnýtir þá þekkingu í starfi.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og veitir skyndihjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund, starfar í samræmi við siðareglur vinnustaðarins og gætir trúnaðar í hvívetna.

Fylgir lögum og reglugerðum sem gilda um starfið.